

Kópavogi, 28. janúar 2021.

Tilvísun: M21010358

Efni fundar: Fundur fagráðs um náms- og gæðamat.
Fundarmenn: Halldóra, Þóroddur, Anna Gréta, Meyvant og Krístin. Af hálfu MMS
Sverrir Ó., Gunnhildur, Sigurgrímur og Arnór.
Fjarverandi: nöfn í stafrófsröð
Fundarritari: Sverrir Ó.

Dagskrá fundar:

Fundur í fagráði um náms- og gæðamat fimmtudaginn 28. janúar 2021.
Fundurinn hófst kl. 14.00 og fór fram í gegnum Teams.

Sverrir bauð fundarmenn velkomna á þennan fyrsta fund hjá nýskipuðu ráði. Í byrjun fundarins sögðu fundarmenn lauslega frá sjálfum sér, starfsreynslu og menntun. Umræða í byrjun um fagráðið og stofnunina.

Sverrir sagði frá lögum um Menntamálastofnun (<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2015091.html>) og reglugerð um fagráð Menntamálastofnunar (<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/530-2016>).

Sverrir með stutta kynningu á stofnuninni og verkefnum hennar. Sjá meðfylgjandi skjal.

Umræður voru um hlutverk stofnunarinnar. Fram kom að stofnunin væri með mörg og ólík verkefni.

Vangaveltur um hvort farsælla væri að vera með færri verkefni og sinna þeim betur. Þá komu fram vangaveltur um þarfir skólasamfélagsins.

Umræður voru um læsisverkefnið og framtíð þess. Fram komu áhyggjur að ráðuneytið væri að skera niður fjármuni til verkefnisins.

Rætt um snemmtækaihlutun og Þóroddur kom inn á hvernig verkefnið hefur reynst Fjarðarbyggð. Talað um að taka fyrir síðar á sérstökum fundi.

Fram kom áhugi að ræða frekar um matsvið og hæfniviðmið. Þetta væri mikilvægt en flókið verkefni í framkvæmd. Talað um að taka síðar fyrir á fundi ráðsins.

Spurningar og umræða kom um nálgun leikskólans á vinnu með matsvið og hæfniviðmið. Fram kom hjá Helgu að þetta væri unnið í tengslum við gæðaviðmið hjá sínu sveitarfélagi og þörf væri á útfærslu á gæðum í leikskólastarfi á fleiri stöðum.

Rætt stuttlega um ytra mat og niðurstöður þess. Ákveðið á fá sér kynningu um málefnið hjá fagráðinu.

Spurt um kennararáð og hlutverk þess. Óskað að fá nánari upplýsingar um starfsemi þess.

Spurt um nýtt skólaþróunarteymi hjá ráðuneytinu og óskað eftir kynningu á starfsemi þess.

Í lok fundar fór fram umræða um fagráðið og hvernig það myndi haga störfum sínum. Þóroddur og Sverrir sögðu frá störfum fyrra fagráðs og hvernig starfinu var háttað. Ákveðið var að Sverrir myndi boða næsta fund í mars.

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: SÓ.